

Andhormónameðferð veitt körlum með krabbamein í blöðruhálskirtli

Áhrif á kynlíf og frjósemi karla

Andhormónameðferð eða hormónahvarfsmeðferð lækkar gildi testosteróns í blóði. Meðferðin hægir á eða stöðvar framgang krabbameins í blöðruhálskirtli en læknar ekki meinið. Meðferðin, sem getur falist í sprautum, töflum eða brotnámi eista, hefur áhrif á kynlíf og frjósemi.

Líkur á aukaverkunum fara meðal annars eftir tegund og lengd meðferðar, annarri krabbameinsmeðferð, fyrri styrk testosteróns í blóði, aldri og fyrri kynlífsvirkni. Eftir að andhormónameðferð með lyfjum lýkur getur liðið allt að eitt ár fyrir testosterón að hækka á ný.

Áhrif andhormónameðferðar á kynlíf

Minnkuð kynhvöt

Minnkuð kynhvöt eða kynlöngun er ein algengasta kynferðislega aukaverkunin. Margir finna fyrir minni eða algerum skorti á kynferðislegum áhuga. Í parsamböndum er mikilvægt að ræða þessar breytingar opinskátt.

Rístruflanir

Rístruflanir eru algengar. Rislyf í töfluformi virka síður sem úrræði vegna skorts á testosteróni, en geta stundum aukið sjálftraust og kynlöngun. Risdælar eða rislyf í sprautuformi virka oft betur, þar sem þau krefjast ekki eins mikillar hormónavirkni.

Breytt kynferðisleg örvun og fullnæging

Kynferðisleg fullnæging getur orðið veikari og í sumum tilvikum fylgir henni sársauki. Hægt er að fá kynferðislega fullnægingu með eða án stinningar, en oft þarf kröftugri og lengri örvun, til dæmis með aðstoð sleipiefnis eða titrara.

Útlitsbreytingar

Með tímanum getur limur styst og eistu minnkað. Regluleg notkun risdælu, nudd og tog á lim geta hjálpað til við að viðhalda lögun og stærð lims.

Hjá mörgum körlum stækka brjóstin og geta orðið aum. Í sumum tilvikum má gefa lyf til að draga úr brjóstastækkun. Breytt fitudreifing og hármíssir eru einnig algengar aukaverkanir en ganga oft til baka ef meðferð er stöðvuð. Þessar breytingar geta valdið því að einstaklingar upplifa sig hafa kvenlegt útlit.

Þvagleki

Við kynferðislega örvun eða fullnægingu getur borið á þvagleka en hann minnkar oft með tímanum. Grindarbotnsæfingar eru gagnlegar til að styrkja vöðva í grindarbotninum sem tengjast þvaglosun.

Frjósemi

Magn sæðis minnkar eða hverfur og það getur valdið ófrjósemi. Lítið eða ekkert sæði kemur við fullnægingu. Áhrifin geta gengið til baka ef meðferðin er tímabundin, en ef meðferð varir lengi eða er samhliða öðrum inngripum, er óvíst að það gerist. Hægt er að frysta sæði fyrir meðferð til að varðveita möguleika á barneignum.

Breytt parsamband og nánd

Kynferðislegar og líkamlegar breytingar hafa áhrif á sjálfsmynd og kynlíf. Margir karlar upplifa minna sjálfstraust og draga sig í hlé. Í parsamböndum getur þetta leitt til vanlíðunar og minni nándar. Það er mikilvægt að pör ræði saman og leiti leiða til að viðhalda nánd. Hægt er að taka frá stundir fyrir líkamlega nánd, eins og strokur og faðmlög, án væntinga um kynlíf eða samfarir. Að hlúa að nánd án kynlífs getur dýpkað tengslin.

Heilbrigður lífsstíll og úrræði

Hægt er að efla kynheilbrigði án þess að auka testosterón í líkamanum. Heilbrigður lífsstíll hefur jákvæð áhrif á kynlíf. Þar má nefna reglulega hreyfingu, góðan svefn, hollt mataræði og andlega vellíðan. Sumar tegundir þunglyndislyfja geta einnig aukið líkamlega virkni og áhuga.

Meðferð með litlum skammti af testosteróni er umdeild og aðeins æskileg fyrir karla sem hafa verið lengi í bata og undir eftirliti sérfræðilækna.

Það eru til úrræði og sérfræðingar sem geta hjálpað við þessar aðstæður. Leitaðu ráða hjá lækni, hjúkrunarfræðingi eða kynlífsráðgjafa sem geta veitt fræðslu og stuðning. Sérhæfður hjúkrunarfræðingur með þekkingu á kynlífsheilbrigði og samtalsmeðferð sinnir ráðgjöf fyrir sjúklinga sem eru eða hafa verið í meðferð á Landspítala og maka þeirra. Hægt er að panta viðtalstíma með því að:

- Biðja lækni eða hjúkrunarfræðinga að senda tilvísun
- Senda tölvupóst á netfangið: jonaijon@landspitali.is og óska eftir viðtali

Jafningjahópar eins og Krabbameinsfélagið Framför og Ljósíð geta einnig veitt stuðning.